

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 232/2012****2013/EES/18/28****frá 7. desember 2012****um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 461/2012 frá 31. maí 2012 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1165/98 varðandi hagskýrslur til skamms tíma og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1503/2006, (EB) nr. 657/2007 og (EB) nr. 1178/2008 að því er varðar aðlögun tengda afnámi á breytum fyrir nýjar pantanir í iðnaði ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (reglugerð ráðsins (EB) nr. 1165/98) og lið 2c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1503/2006) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„– **32012 R 0461**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 461/2012 frá 31. maí 2012 (Stjtíð. ESB L 142, 1.6.2012, bls. 26).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 461/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. desember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 142, 1.6.2012, bls. 26.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.